Glæður

Ásgeir

Heita lífsins loga
Leggur yfir fjöllin dimm og grá
Spenna skýjaboga
Sveipaða í ævaforna þrá
Í þögninni þú bíður eftir vori
Og brennur þögull inn í nýjan dag
Bjartar glæður brjóta leið
Úr brúnum tindanna
Flæða um kaldan mel og úfið hjarn
Er gekkstu um sem barn

Veistu elsku vinur
Veröldin er bæði björt og hlý
Er klettaborgin hrynur
Hamingjan mun finna þig á ný
Í þögninni þú biður eftir vori
Og brennur þögull inn í nýjan dag

Bjartar glæður brjóta leið
Úr brúnum tindanna
Flæða um kaldan mel og úfið hjarn
Er gekkstu um sem barn

Tištěno z pisnicky-akordy.cz

Sponzor: www.srovnavac.cz - vyberte si pojištění online!